



Erindisbréf Ritari LSS

Anton Berg Carrasco er skipaður ritari Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna til tveggja ára.

Formaður LSS og formaður stjórnar LSS:

Magnús Smári Smáráson

Stjórn LSS skipa:

Formaður	Magnús Smári Smáráson, magnuss@lsos.is s: 691 1513
Varaformaður	Bjarni Ingimarsson, bjarnii@lsos.is s: 699 4159
Gjaldkeri	Ásgeir Þórisson, asgth@simnet.is s:899 5335
Ritari	Anton Berg Carrasco, antonbc@lsos.is s: 864 2653
Form. fagd. slökkviliðsm.	Jón Kristinn Valsson, jonv@shs.is s: 863 0304
Form. fagd. sjúkraflutningam.	Birkir Árnason, birkira@lsos.is s:823 5555
Form. fagd. stjórnenda	Ólafur Stefánsson, olafurst@akureyri.is s: 895 1995
Varamaður í stjórn	Hlynur Kristjánsson, hlynur@isafjordur.is s: 863 1916
Varamaður í stjórn	Árni Snorri Valsson, arnipatrol@gmail.com s: 869 5596

Sameiginlegt netfang stjórnar LSS: stjorn@lsos.is

Gildistími skipunar: September 2020 – apríl 2022.

Hlutverk stjórnar LSS:

Þing LSS fer með æðstu stjórn í málefnum Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, en þess á milli er kjörin stjórn sem stýrir félaginu á milli þinga. Stjórn LSS samþykkir starfsreglur stjórnar í upphafi tímabils og starfar eftir samþykktum þess á milli þinga. Stjórn er heimilt að breyta starfsreglum á tímabilinu.

Stjórn ber ábyrgð á eftirfarandi sjóðum:

- Orlofssjóður LSS
- Starfsmenntunarsjóður LSS
- Styrktarsjóður LSS
- Tryggingasjóður LSS

Stjórn LSS situr í stjórn orlofssjóðs LSS en skipar fulltrúa LSS í aðra sjóði og veitir þeim umboð skv. erindisbréfi. Starfsmenn LSS eru jafnframt starfsmenn sjóða LSS. Stjórn hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.



LSS er fagstéttarfélag og markmið þess er að:

- Að vinna að kjara- og réttindamálum allra slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, slökkviliðsstjóra, eldvarnareftirlitsmanna og annarra þeirra er vinna að björgunar og slysavörnum í aðalstarfi.
- Að semja við vinnuveitendur um kaup og kjör fyrir félagsmenn sína og um önnur þau atriði, sem samningsumboð stéttarfélaga almennt nær til.
- Að koma fram fyrir hönd félagsmanna í samskiptum við önnur samtök launafólks og yfirvöld, efla samskipti við önnur samtök opinberra starfsmanna og samtök launafólks svo og að vinna að aukinni starfsmenntun og starfshjálfun félagsmanna og treysta starfsréttindi þeirra.
- Að efla fræðslu og kynningu um fagleg málefni og um kjaramál og önnur þau málefni, sem varðað geta hagsmuni félagsmanna, m.a. með blaðaútgáfu.
- Að beita sér fyrir aukinni fræðslu almennings í eldvörnum, slysavörnum og fyrstu hjálp m.a. með því að gefa út eða stuðla að útgáfu blaða, bóka og ritlinga og láta flytja fjölmiðlum skýrslur og greinar, sem félagið eða fagleg málefni þess varða.
- Að annast samskipti við erlend samtök í sömu starfsstéttum.
- Ber ábyrgð á rekstri sjóða félagsins.

Hlutverk ritara LSS:

Ritari ber ábyrgð upplýsinga- og kynningarmálum LSS. Hann ber ábyrgð á ásýnd félagsins í ræðu og riti. Hann kemur með tillögur til stjórnar að nýjum samfélags- og þjónustuverkefnum sem eflir ímynd félagsins. Hann ber ábyrgð á uppfærslu/endurskoðun á lögum/reglugerðum LSS og kemur með tillögur til stjórnar þar um. Hann ber ábyrgð á ritun fundargerða stjórnar, fréttatilkynningum, ályktunum og öðru efni sem fer til félagsmanna eða opinberra aðila. Hann tryggir öflugt upplýsingaflæði til stjórnar, nefnda, fulltrúaráðs, kjararáðs og annarra félagsmanna með þeim verkfærum í samskiptum sem við notum hverju sinni, s.s. heimasíðu, tölvupósti, facebook ofl. Ber ábyrgð á félagaskrá félagsins og er í stýrihóp um stefnumótun LSS. Hann situr jafnframt í stjórn orlofssjóðs.

Starfshættir

Stjórn LSS stýrir starfsemi LSS milli aðalfunda í umboði þess. Stjórnin heldur fundi eins oft og þurfa þykir. Skal formaður boða til stjórnarfunda a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Vonast er til að stjórn LSS skili eftirfarandi árangri:

- Sé góður málsvari og samnefnari félagsmanna LSS.
- Vera öflugur málsvari félagsmanna í kjarabaráttu þeirra fyrir betri launum og bættum aðbúnaði.
- Vera öflugur málsvari félagsmanna í faglegri umræðu við hagsmunaaðila.
- Að auka þekkingu og færni félagsmanna í starfi og tryggi að nýjungar og önnur þróun skili sér áfram í störf sinna félagsmanna.



- Að vinna að aukunni heilsuvitund félagsmanna og efla fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og sjúkdómum.
- Að taka virkan þátt í forvörnum á sviði slökkvi- sjúkra- og björgunarmála.
- Að orlofssjóður haldi í við þróun á uppbyggingu orlofsíbúða og veitir sambærilega þjónustu og önnur stéttarfélög.

Fjármál

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá félagsmönnum. LSS gerir fjárhags- og starfsáætlun og starfar eftir henni á tímabilinu. Stór frávik frá fjárhagsáætlun þarf stjórn LSS að samþykkja. Ekki er greitt fyrir stjórnarstörf enda um sjálfbóðaliðastarf að ræða. Sjá nánar starfsreglur stjórnar. Öll fjárútlát skulu unnin í samráði við framkvæmdastjóra LSS.

Starfsmenn LSS: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.
Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Bjarni Ingimarsson
Varaformaður